



# Jarðhitafélag Íslands

---

## Fundargerð 119. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands

mánudaginn 15. september 2014 kl. 15:00 í húsakynnum Samorku

Mætt: Kristín Vala Matthíasdóttir formaður (*KVM*), Hildigunnur Thorsteinsson (*HT*), Claus Ballzus (*CB*), Magnús Þór Jónsson (*MPJ*), Egill Júlíusson (*EJ*) og Sigurjón Norberg Kjærnested (*SNK*).

Boðuð forföll: Magnús Ólafsson (*MÓ*).

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt einróma

### 2. Val á styrkþega

Líkt og undanfarin ár styrkir JHFÍ framhaldsnema í jarðhitatengdu háskólanámi (MS/Ph.D) til að sækja alþjóðlega jarðhitaráðstefnu, að þessu sinni um allt að kr. 300 þúsund. 11 sterkar og frambærilegar umsóknir bárust að þessu sinni. Magnús Þór Jónsson tók ekki þátt í umræðum eða ákvörðun um veitingu styrksins.

Niðurstaða stjórnarinnar var sú að styrkinn hlyti Gunnar Skúlason Kaldal sem stundar doktorsnám í vélaverkfræði við Háskóla Íslands, til að kynna erindi tengt doktorsverkefni sínu, á Stanford Geothermal Workshop 2015 & World Geothermal Congress 2015. Verkefnið snýst um hermun áraunar á stálfóðringum í háhitaborholum.

Stjórn JHFÍ þakkar öllum umsækjendum fyrir sýndan áhuga á styrknum.

### 3. Undirbúningur haustfundar

Áfram var unnið að skipulagningu haustfundar, sem fram fer 23. október næstkomandi í Orkugarði. Almenn umræða fór fram um fundinn og fyrirkomulag hans.

Eftirfarandi dagskrá var samþykkt:

**14:00-14:10** Setning fundarins - Kristín Vala Matthíasdóttir, formaður Jarðhitafélags Íslands, efnaverkfræðingur, HS Orka.

**14:10-14:20** Ávarp fundarstjóra

**14:20-14:40** Verkfræðingurinn Sverrir - Benedikt Steingrímsson, sviðstjóri háhita, ÍSOR.

**14:40-14:55** Boranir-Þróun - Þór Gíslason, forstöðumaður tæknisviðs HS Orku.

**14:55-15:10** Útfellingatilraunir - Vigdís Harðardóttir, jarðefnafræðingur, ÍSOR.

**15:10-15:25** Greiningar á borholufóðringum - Gunnar Skúlason Kaldal, Ph.D nemi við Háskóla Íslands.

**15:25-15:40** Frárennsli frá borplönum - Kristinn Ingason, sviðstjóri jarðhita, Mannvit.

**15:40-15:50** Umræður.

**15:50-15:55** Úthlutun á styrk JHFÍ.

**15:55-16:00** Lokaorð fundarstjóra og fundarslit.

**Kaffi í boði Ísor.**

Ákveðið var að *KVM* myndi útbúa auglýsingu fyrir fundinn og *SNK* myndi senda hana út, ásamt því að senda út til félaga í Jarðhitafélaginu tilkynningu um dagsetningu fundarins.

### 4. Nýir félagsmenn

Umsóknir um aðild að JHFÍ bárust frá:

- Almar Barja, meistaranemi við Icelandic School of Energy í Háskólanum í Reykjavík.
  - Gaetan Sakindi, meistaranemi í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands.
  - Gunnar Skúlason Kaldal, doktorsnemi í vélaverkfræði við Háskóla Íslands.
  - Lárus Þorvaldsson, doktorsnemi í vélaverkfræði við Háskóla Íslands.
-

- Ragnheiður Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri Svinna verkfræði og gestadósent við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild Háskóla Íslands.

Voru umsóknirnar allar einróma samþykktar.

## **5. Önnur mál**

### a) Aðildarsamningur JHFÍ við IGA

Aðildarsamningur JHFÍ við IGA rennur út í lok ársins og hefur verið haft samband við stjórn JHFÍ að því tilefni að endurnýja samninginn. Lögð voru fyrir fundinn drög að nýjum samningi. Formanni JHFÍ var falið að ganga frá samningum við IGA um áframhaldandi aðild.

Fundi slitið kl. 16:30. Næsti fundur var ákveðinn 3. nóvember í húsakynnum Landsvirkjunar.

Sigurjón Norberg Kjærnested, fundarritari

---